

Stofnanasamningur

milli Fjölbrautaskólans í Breiðholti og SFR

Samkvæmt 11. kafla kjarasamnings SFR og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs frá 1. febrúar 2005 með síðari breytingum.

1. Inngangur

Samningur þessi er hluti af kjarasamningi fjármálaráðherra og SFR-stéttarfélags í almannajónustu frá 9. mars 2005 og er gerður til þess að fylgja eftir samkomulagi um stofnanapátt um röðun starfa og persónubundna þætti, sbr. 6. gr. í samkomulagi aðila frá 5. mars 2006 með síðari breytingum. Samningurinn nær til allra starfsmanna Fjölbrautaskólans í Breiðholti sem eru félagar í SFR.

2. Markmið

Fjölbrautaskólinn í Breiðholti er ríkisskóli sem starfar samkvæmt framhaldsskólalögum. Hlutverk skólans er að mennta nemendur til lokaprófs af bók-, list- og verknámsbrautum framhaldsskóla, sýn skólans er að efla einstaklinga til þess að skapa framtíðina og gildi skólans eru virðing, fjölbreytni og sköpunarkraftur.

Stofnanasamningur skal stuðla að því að skólinn geti sinnt hlutverki sínu og stefnu á hverjum tíma með því að

- launaröðun sé gagnsæ og byggð á málefnalegum sjónarmiðum
- ákvörðun um launasetningu starfa færast nær vettvangi og hægt verður að bregðast hratt við breytingum á störfum og skipulagi
- skapa starfsskilyrði sem eru hvetjandi, byggja á jafnrétti og stuðla að góðu samstarfi milli stjórnenda og starfsmanna
- nýta svigrúm í rekstri til að umbuna umfram lágmarkskjör til að skólinn verði í fremstu röð framhaldsskóla
- hvetja til frumkvæðis starfsmanna, nýbreytni og endurmenntunar
- tengjast sjálfsmatskerfi skólans og reglubundnu frammistöðumatí.

3. Röðun í launaflokka

Við röðun í launaflokka er gengið út frá starfslýsingu, ábyrgð, hæfni, menntun og starfsreynslu.

3.1 Lágmarksröðun starfa

Aðstoðarstörf nemenda: Raðast lægst í lfl. 06

Störf sem krefjast takmarkaðrar ábyrgðar og sérhæfni: Raðast lægst í lfl. 12

Störf á skrifstofu, við matseld, húsvörslu o.fl.: Raðast lægst í lfl. 21

Störf sem krefjast verulegrar sérhæfni: Raðast lægst í lfl. 32.

3.2 Starfsreynsla

Starfsmaður skal hækka um launaflokk eftir 1 ár, 3 ár, 6 ár og 9 ár í starfi hjá FB nema starfsreynslan hafi verið metin í upphafi starfs eða áður en þessum mörkum var náð. Taka má tillit til fyrri starfsreynslu.

Handwritten initials and signature in blue ink.

3.3 Menntun og aðrir persónubundnir þættir

3.3.1

Starfsmaður sem lokið hefur viðurkenndum námskeiðum sem nýtast í starfi skal hækka um 1 til 3 launaflokka eftir því hvort námskeiðsstundir eru 60, 120 eða 200.

3.3.2

Starfsmaður sem lokið hefur verulegu námi umfram það sem starfið krefst að lágmarki og sem nýtist í starfinu skal ráðast hærra en ella. Taka skal mið af umfangi og eðli námsins.

3.3.3

Við endanlega röðun einstaklings skal hafa hliðsjón af því hvort starfið eða sá/sú sem því gegnir uppfyllir einhverjar neðangreindar forsendur:

- starfsmaður sýnir hæfni til samskipta og samvinnu
- starfsmaður sýnir góðan árangur í starfi
- starfið felur í sér sérstaka ábyrgð
- starfinu fylgir sérstakt álag, viðvarandi eða árstíðabundið
- starfsmaður sýnir frumkvæði í starfi
- starfið felur í sér flókin verkefni
- starfinu fylgir kennsla eða leiðbeining annarra starfsmanna
- starfinu fylgir ráðgjöf innan stofnunar eða utan
- starfsmaður nýtir sértæka reynslu eða fjölhæfni í starfi

4. Samstarfsnefnd

Með vísan í grein 11.5 í kjarasamningi um skipan og hlutverk samstarfsnefnda er kveðið svo á um að hjá stofnunum ríkisins skulu starfa samstarfsnefndir.

5. Gildistími

Samningur þessi gildir frá 1. júní 2016 sbr. grein 19.1 í kjarasamningi fjármálaráðherra og SFR.

Reykjavík 27. júní 2016

F.h. Fjölbrautaskólans í Breiðholti

F.h. SFR – stéttarfélags í
almannaþjónustu

